

UMSÖGN

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Tillögur að breytingum á sérstökum húsnæðisstuðningi

Fjármála- og áhættustýringarsviðs hefur tekið til skoðunar tillögu velferðarsviðs um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar á sérstökum húsnæðisstuðningi. Markmið tillagnanna er að draga úr áhrifum verðbólgu á lífskjör viðkvæmustu hópa samfélagsins. Tillögurnar fela eftirfarandi í sér:

1. Tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings verði hækkaðar um 2,5%. Kostnaðarmat vegna þessa er áætlað 3 m.kr. á mánuði eða 36 m.kr. á ársgrundvelli. Gert er ráð fyrir að 600 leigjendur fái hærri greiðslu við breytinguna.
2. Hámark samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings verði hækkað úr 90 m.kr. í 100 m.kr. Kostnaðarmat vegna þessa er áætlað 13 m.kr. á mánuði eða 78 m.kr. á ársgrundvelli. Gert er ráð fyrir að 1.200 leigjendur fái hærri greiðslu við breytinguna.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt kostnaðarmatið og gerir ekki athugasemdir. Heildarkostnaður við báðar tillögurnar er áætlaður 114 m.kr. Vakinn er athygli á að sérstakur húsnæðisstuðningur er undir áætlun það sem af er ári og skv. upplýsingum frá velferðarsviði má gera ráð fyrir að svigrúm verði á þessum lið til að mæta áhrifum af þessum tillögum gangi forsendur kostnaðarmatsins eftir.



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs